

Nd. 763. Frumvarp til Þjóðminjalaga. [415. mál]

Flm.: Sverrir Hermannsson, Guðrún Helgadóttir, Kjartan Jóhannsson,
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Stefán Valgeirsson,
Guðmundur G. Þórarinnsson.

I. KAFLI

Þjóðminjasafn Íslands.

1. gr.

Þjóðminjasafn Íslands er eign íslenska ríkisins. Það er miðstöð allrar þjóðminjavörslu í landinu. Hlutverk safnsins er að safna, skrásetja, varðveita, rannsaka og sýna minjar um menningarsögu íslensku þjóðarinnar.

Til menningarsögulegra minja teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornleifar og gömul mannvirki, kirkjugripir og minningarmörk, forngripir, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir, hljóðritanir og skráðar heimildir um þjóðhætti.

Þjóðminjar teljast þær minjar um menningarsögu Íslendinga sem þjóðminjavörður telur ástæðu til að varðveita í Þjóðminjasafni Íslands, í byggðasöfnum eða með friðun.

Þjóðminjasafnið skal stuðla að rannsóknum á minjum um menningarsögu Íslendinga og útgáfu fræðilegra rita um þær.

Birta skal árlega starfsskýrslu safnsins.

2. gr.

Forseti Íslands skipar þjóðminjavörð að tillögu menntamálaráðherra.

Þjóðminjavörður hefur umsjón með þjóðminjavörslu í landinu öllu og fer með yfirstjórn Þjóðminjasafns Íslands í umboði menntamálaráðuneytisins. Hann leiðbeinir byggðasöfnum um starf þeirra, svo sem skráningu menningarminja og muna, sbr. V. kafla þessara laga.

Við Þjóðminjasafn Íslands skal starfa safnstjóri sem annast daglega stjórn safnsins í umboði þjóðminjavarðar og skal vera staðgengill hans. Menntamálaráðherra skipar safnstjóra Þjóðminjasafns til fjögurra ára í senn samkvæmt tillögu þjóðminjavarðar.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar Þjóðminjasafni Íslands stjórnarnefnd til fjögurra ára í senn. Félag íslenskra safnmanna tilnefnir einn mann til setu í stjórnarnefndinni, Bandalag kennarafélaga tilnefnir annan, Ferðamálaráð tilnefnir þann þriðja og einn er skipaður án tilnefningar. Þjóðminjavörður skal eiga sæti í stjórnarnefndinni. Menntamálaráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna.

Hlutverk stjórnarnefndar Þjóðminjasafns Íslands er að marka safninu stefnu og hafa yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlana og framkvæmd þeirra.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun nefndarmanna.

4. gr.

Þjóðminjasafn Íslands skal vera til sýnis almenningi á tilteknum tímum, svo og fornminjar og mannvirki friðuð á þess vegum þegar þau hafa verið gerð sýningarhæf og aðrar aðstæður leyfa.

Safnið og starfsemi þess skal kynnt nemendum skóla í samráði við skóla og fræðsluyfirvöld, ýmist í safninu sjálfu eða í skólunum, og einnig skal efnt til slíkrar fræðslu fyrir almenning í safninu og ríkisfjölmíðlum.

5. gr.

Safnið má eigi taka við gjöfum sem kvaðir fylgja, en þó getur menntamálaráðherra veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á.

Gjafir og fjárframlög til safnsins eru frádráttarþær til skatts sbr. ákvæði laga um tekjuskatt og eignaskatt, nr. 75/1981, með áorðnum breytingum.

6. gr.

Heimilt er að lána gripi úr safninu til sýningar, en þó eigi til útlanda nema með samþykki menntamálaráðherra. Jafnframt er heimilt að lána um lengri eða skemmri tíma einstaka gripi til annarra safna eða kirkna, en tryggilega skal gengið frá varðveislu þeirra og þeir tryggðir eftir því sem þjóðminjavörður ákveður.

7. gr.

Ekki má nota myndir af gripum safnsins sem vörumerki eða í auglýsingarskyni og ekki heldur gera af þeim myndir eða eftirlíkingar nema með leyfi þjóðminjavarðar.

8. gr.

Heimilt er að skipta safninu í deildir. Menntamálaráðherra skipar deildarstjóra og safnverði að fengnum tillögum þjóðminjavarðar. Um tölu starfsmanna fer eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

9. gr.

Sérstakir minjaverðir skulu starfa á vegum þjóðminjavarðar, einn í hverjum fjórðungi. Skulu þeir hafa umsjón með menningarminjum landsfjórðungsins, skráningu og eftirliti fornminja og gamalla bygginga, svo og vera byggðasöfnum til ráðuneytis og aðstoðar. Skulu þeir taka laun til jafns við deildarstjóra Þjóðminjasafns og greiðist kostnaður við laun og starf þeirra úr ríkissjóði.

Menntamálaráðherra skipar minjaverði til starfa um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum að fengnum tillögum þjóðminjavarðar.

II. KAFLI

Fornminjar.

A. Fornleifar.

10. gr.

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem rústir bæja og annarra húsa, m.a. hofa og kirkna, þingbúðarústir og önnur mannvirki á fornum þingstöðum, forn garðlög, skipsflök, leifar af verbúðum, naustum og vörum, forn vígi og rústir af þeim, minjar um dvalarstaði útilegumanna, haugar og aðrir fornir greftrunarstaðir, hellar með áletrunum og öðrum verksummerkjum af manna völdum, áletranir og myndir á klöppum eða jarðföstum steinum.

Yfirleitt skal miðað við 100 ára aldur minja til að þær flokkist undir fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 20. gr.

11. gr.

Menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn þriggja manna fornleifaráð sem er þjóðminjaverði til ráðgjafar um rannsóknir og meðferð fornleifa, friðun þeirra, sbr. 12. gr., og veitingu leyfis til rannsókna á fornleifum, sbr. 14. gr.

Hið íslenska fornleifafélag tilnefnir einn ráðsmanna, Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands tilnefnir annan og Félag íslenskra safnmanna þann þriðja. Nefndarmenn skipta sjálfir með sér verkum.

12. gr.

Þjóðminjavörður lætur skrá allar fornleifar sem þekktar eru í landinu. Fornleifaskrá skal vera aðgengileg á Þjóðminjasafni og hjá minjavörðum.

Þjóðminjavörður ákveður að höfðu samráði við þjóðminjaráð hvaða fornleifar skulu friðaðar. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn tilgreindur svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt. Friðaðar fornleifar teljast þjóðminjar, sbr. 1. gr.

Tilkynna skal landeiganda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðunina.

Friðun fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Skal kveðið á í þinglýsingarskjali um stærð þess svæðis sem hinum friðlýstu minjum tilheyrir sem verndað svæði.

Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðunar áfram.

Birta skal skrá yfir nýjar friðlýsingar í ársskýrslu Þjóðminjasafnsins.

13. gr.

Friðuðum fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga eða aflaga né úr stað flytja nema leyfi þjóðminjavarðar komi til.

14. gr.

Þjóðminjavörður fer með yfirstjórn rannsókna á fornleifum í landinu öllu. Hann getur, að höfðu samráði við fornleifaráð, veitt þeim, sem hann telur til þess hæfa, leyfi til stað- og tímabundinna rannsókna. Skal leyfisveiting vera skrifleg hverju sinni og sá, sem slíkt leyfi fær, hlíta þeim reglum sem þjóðminjavörður setur þar að lútandi, svo sem um skil á rannsóknaskýrslum og birtingu þeirra, svo og skilum gripa sem finnast við rannsóknina.

15. gr.

Skylt er landeiganda og ábúanda að gera þjóðminjaverði viðvart, ef friðaðar fornleifar liggja undir spjöllum af völdum náttúrunnar eða þeim er spillt af manna völdum. Þjóðminjavörður ákveður þá hvaða ráðstafanir skuli gera til verndar fornleifunum.

16. gr.

Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra þjóðminjaverði frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Þjóðminjavörður ákveður hvort eða hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.

17. gr.

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra þjóðminjaverði frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fenginn er úrskurður þjóðminjavarðar um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

18. gr.

Þjóðminjavörður hefur rétt til að framkvæma rannsókn á fornleifum með greftri eða á annan hátt og gera það sem þarf til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en gera skal landeiganda eða ábúanda viðvart um það áður.

19. gr.

Óheimil er öðrum en starfsmönnum þjóðminjavörslunnar notkun málmleitartækja eða annars tækjabúnaðar við leit að forngrípum í jörðu nema með sérstökuleyfi þjóðminjavarðar.

20. gr.

Skylt er að viðhalda á kostnað ríkissjóðs friðuðum fornleifum.

B. Forngripir.

21. gr.

Forngripir eru lausar fornminjar, einstakir hlutir, 100 ára og eldri. Þegar fornir gripir finnast, það er gripir að jafnaði eldri en 100 ára, sbr. 10. gr., sem liggja eða legið hafa í jörðu, skal finnandi tilkynna þjóðminjaverði fundinn svo fljótt sem við verður komið. Finnandi skal ekki haggja við fundinum nema nauðsynlegt sé að taka hann eða hluta hans þegar til umhirðu með því að ella væri hætt á að munir spilltust eða færu forgörðum.

Ákvæði 1. mgr. taka til allra muna sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og einnig til leifa af líkómum manna og dýra sem finnast í fornum haugum, dysjum eða leiðum.

Allir munir, sem grein þessi fjallar um, eru eign ríkisins. Þeir skulu varðveittir í Þjóðminjasafni Íslands, en þjóðminjavörður getur þó falið byggðasafni varðveislu slíkra muna ef sérstaklega stendur á.

22. gr.

Greiða skal finnanda útgjöld sem hann hefur haft vegna fundar forngríps.

Nú finnst forngripur úr gulli eða silfri, þar á meðal gullpeningar eða silfurpeningar, og skal þá meta málmverð hlutarins og leggja ofan á 10 af hverju hundraði. Skal annar helmingur fjárhæðarinnar greiddur finnanda en hinn landeiganda.

Útgjöld samkvæmt grein þessari skulu greidd úr ríkissjóði.

23. gr.

Eigi má flytja úr landi neina muni eða gripi sem eru eldri en 100 ára nema þjóðminjavörður leyfi. Gildir þá einu hvort gripur er í einkaeign eða opinberri eign. Leiki vafi á um aldur hlutar úrskurðar þjóðminjavörður. Þá getur þjóðminjavörður með samþykki menntamálaráðuneytisins hindrað útflutning yngri gripa en hér er kveðið á um.

III. KAFLI

Kirkjugripir og minningarmörk.

24. gr.

Þjóðminjavörður ákveður friðun kirkjugripa sem varðveittir eru í kirkjum landsins og hann telur friðunarverða vegna sögulegs eða listræns gildis þeirra.

Þjóðminjavörður friðar einnig þá legsteina eða önnur minningarmörk í kirkjugörðum sem hann telur rétt að vernda af framangreindum ástæðum.

Halda skal skrá yfir friðaða kirkjugripi og minningarmörk.

25. gr.

Munir, sem á friðunarskrá eru teknir skv. 24. gr., eru friðhelgir. Óheimilt er að raska þeim eða spilla. Ekki má heldur farga þeim né flytja þá burtu nema leyfi þjóðminjavarðar komi til.

Forráðamönnum kirkna ber að vernda skráða kirkjugripi. Kirkjugarðsstjórnir annast vernd skráðra minningarmarka svo sem segir í 16. gr. laga um kirkjugarða, nr. 21 23. apríl 1963.

26. gr.

Gera skal sérstaka skrá um friðlýsta gripi hvernar kirkju og sama gildir um friðlýst minningarmörk í kirkjugörðum. Þjóðminjavörður lætur skrár þessar í té próföstum og sóknarnefndum sem hlut eiga að máli.

27. gr.

Þjóðminjasafnið skal varðveita aflagða kirkjugripi og þá gripi sem þjóðminjaverði og forráðamönnum kirkna kemur saman um að eigi sé ástæða til að hafa í kirkju lengur. Þó getur þjóðminjavörður falið viðkomandi byggðasafni varðveislu gripanna.

28. gr.

Sé kirkja lögð niður skulu gripir hennar renna til safns samkvæmt ákvörðun 26. gr., eða til annarra kirkna og sé það ákveðið með samráði þjóðminjavarðar og biskups eða prófasts. Gildir þetta jafnt um bændakirkjur og safnaðarkirkjur.

Þjóðminjasafnið skal eiga forkaupsrétt að kirkjugripum í einkaeign ef seldir verða.

IV. KAFLI

Friðun húsa og annarra mannvirkja.

29. gr.

Friða má mannvirki, hús eða húshluta sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Friðun getur náð til nánasta umhverfis hins friðaða mannvirkis. Friða má samstæður húsa sem hafa slíkt gildi sem að framan greinir og gilda þá reglur friðunar um hvert einstakt þeirra.

Tilgangur friðunarinnar er að tryggja sem best varðveislu þess mannvirkis sem um ræðir.

30. gr.

Menntamálaráðherra ákveður friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsafríðunarnefndar ríkisins.

Í nefndinni eiga sæti fimm menn. Þjóðminjavörður er formaður nefndarinnar. Aðra nefndarmenn skipar menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu Arkitektafélags Íslands, annan samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en tvo án tilnefningar.

Hlutverk húsafríðunarnefndar ríkisins er að stuðla að varðveislu byggingararfs þjóðarinnar, að meta hvaða hús sé ráðlegt að friða hverju sinni og gera um það tillögur til ráðherra. Einnig úthlutar húsafríðunarnefnd ríkisins styrkjum úr húsafríðunarsjóði.

31. gr.

Öll hús, sem reist eru fyrir 1850, skulu vera friðuð, svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918. Skylt er eigendum húsa, sem reist eru fyrir árið 1900, að tilkynna húsafríðunarnefnd ríkisins með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.

Húsafríðunarnefnd skal innan tveggja mánaða tilkynna viðkomandi aðilum hvort hún telur ástæðu til friðunar.

Byggingarfulltrúum ber að fylgjast með því að eigendur húsa, sem fjallað er um í þessari grein, sinni tilkynningarskyldu sinni.

32. gr.

Ákvörðun um friðlýsingu skal tilkynna húseiganda, öðrum þeim sem eiga þinglesin réttindi yfir eigninni, svo og hlutaðeigandi lögreglustjóra, bæjar- eða sveitarstjórn og byggingarnefnd.

Greina skal í tilkynningu um það til hvers friðunin nær.

Þinglýsa skal friðun sem kvöð á fasteign sem í hlut á og skal auglýst í Stjórnartíðindum um hverja friðlýsingu. Þinglýsingardómari skal tilkynna húsafríðunarnefnd ef þinglesin eru eigendaskipti að friðaðri húseign.

Heimilt er að fella niður fasteignagjöld á friðuðum húsum.

33. gr.

Telji húsafríðunarnefnd hættu á að hús, sem hefur menningarsögulegt eða listrænt gildi en hefur þó ekki verið friðað, verði rífið eða gildi þess rýrt á nokkurn hátt getur hún ákveðið skyndifriðun viðkomandi húss.

Skyndifriðun tekur gildi þegar húsafríðunarnefnd ríkisins hefur tilkynnt með trygglegum hætti öllum hlutaðeigandi aðilum, sbr. 32 gr., um ákvörðun sína og gildir hún í tvær vikur. Skyndifriðun þarf ekki að þinglýsa.

Á meðan skyndifriðun stendur yfir gilda að öðru leyti allar reglur venjulegrar friðunar.

Menntamálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum húsafríðunarnefndar ríkisins, hvort friða skuli viðkomandi hús áður en skyndifriðun lýkur.

34. gr.

Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðaðri húseign án leyfis húsafríðunarnefndar ríkisins.

Við endurbætur og viðhald friðaðra fasteigna skal leitað álits og samþykkis húsafríðunarnefndar ríkisins. Leyfi nefndarinnar þarf til að setja skilti eða aðrar áletranir á friðuð hús.

Vilji eigandi friðaðrar eignar ráðast í framkvæmd, sem leyfi þarf til skv. 1. mgr., skal hann þá í umsókn sinni til húsafríðunarnefndar ríkisins lýsa nákvæmlega hinum fyrirhuguðu framkvæmdum og láta uppdrátt fylgja. Nefndin skal svo fjótt sem við verður komið gera

eiganda grein fyrir afstöðu sinni. Setji nefndin það skilyrði fyrir samþykki sínu að verk sé framkvæmt með tilteknum hætti öðrum en þeim sem í umsókn greinir er eiganda skylt að hlíta því. Skal eigandi fá greiddan aukakostnað sem af fyrirmælum nefndarinnar leiðir.

35. gr.

Ef breytingar hafa verið gerðar á friðuðu húsi án leyfis húsafriðunarnefndar getur hún lagt fyrir eiganda að færa húsið í hið fyrra horf innan hæfilegra tímamarka. Nú sinnir eigandi ekki fyrirmælum nefndarinnar og getur hún þá, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

36. gr.

Ef vanrækt er viðhald friðlýsts húss getur húsafriðunarnefnd lagt fyrir eiganda að gera umbætur innan hæfilegs frests. Nú líður frestur án þess að úr sé bætt og getur þá húsafríðunarnefnd, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

37. gr.

Nú verður friðuð eign fyrir spjöllum af eldi eða öðrum ástæðum og skal eigandi eða afnotahafi þá gera húsafríðunarnefnd viðvart um það þegar í stað. Lætur nefndin þá fara fram skoðunargerð og mat á spjöllum. Ef ráðist verður í endurbyggingu gilda ákvæði 34. gr.

38. gr.

Nú vill eigandi friðaðs húss rífa húsið eða flytja það af stað sínum og skal hann þá sækja um leyfi til þess til húsafríðunarnefndar. Nefndin skal, svo fljótt sem við verður komið, senda menntamálaráðherra umsóknina með tillögum sínum. Ef ráðherra leyfir niðurrif eða brottflutning skal aflýsa friðunarkvöðinni eða skilgreina að nýju til hvaða þátta friðun hússins nær.

39. gr.

Ef byggingarnefnd hefur orðið vör við að friðuð eign hefur orðið fyrir spjöllum eða að henni sé ekki vel við haldið skal hún gera húsafríðunarnefnd viðvart.

40. gr.

Húsafríðunarnefnd hefur rétt til að framkvæma, eiganda að kostnaðarlausu, hvers konar eftirlit með og skoðanir á friðaðri eða friðlýstri eign sem gera þarf vegna ákvæða þessa kafla.

41. gr.

Starfrækja skal húsafríðunarsjóð til að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðaðra húsa. Tekjur sjóðsins eru:

1. árlegt framlag ríkissjóðs,
2. árlegt framlag sveitarfélaga og
3. frjáls framlög.

Framlag ríkissjóðs skal miða við að það nemi á hverju ári 75 kr. á hvern íbúa landsins. Framlag sveitarfélaga skal miðað við að það nemi 75 kr. á hvern íbúa hlutaðeigandi sveitarfélags. Þessi framlög skulu þó breytast árlega í hlutfalli við byggingarvísitölu.

Framlög sveitarfélaga greiðast úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sbr. 8. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Varsla og reikningshald sjóðsins skal falið ríkisbanka.

42. gr.

Hlutverk húsafriðunarsjóðs er að veita styrki til viðhalds og endurbóta á friðuðum mannvirkjum. Heimilt er að veita styrki til viðhalds annarra húsa en friðaðra sem að dómi húsafriðunarnefndar hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Sjóðnum ber að stuðla að byggingarsögulegum rannsóknum.

43. gr.

Húsafriðunarnefnd stjórnar húsafriðunarsjóði og ákveður styrki úr honum samkvæmt sérstakri reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur um sjóðinn. Skal þar m.a. kveðið á um skyldur þeirra sem fjárframlög fá úr sjóðnum. Slík framlög eru undanþegin tekjuskatti.

44. gr.

Útgjöld vegna starfsemi húsafriðunarnefndar, þar á meðal þóknun til nefndarmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

V. KAFLI

Byggðasöfn.

45. gr.

Til byggðasafna teljast samkvæmt lögum þessum söfn sem sett hafa verið á stofn í þeim tilgangi sem í 46. gr. segir.

Þau söfn, sem uppfylla þau skilyrði sem þjóðminjavörður setur, geta sótt um styrk úr ríkissjóði, sbr. 48. gr., til starfsemi sinnar.

Ef tvö eða fleiri sveitarstjórnarumdæmi, stofnanir eða félagasamtök, standa að sama byggðasafni skulu þau gera um það samþykkt þar sem meðal annars séu ákvæði um stað safnsins, eignarrétt aðila að því, þátttöku í kostnaði við það og ráðningu forstöðumanns. Skal byggðasafni stjórnað af byggðasafnsnefnd sem komi saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári og annist yfirumsjón safnsins, geri fjárhagsáætlanir og starfsáætlun og taki ákvarðanir í meiri háttar málefnum þess.

Árlega skal senda skýrslu um starfsemi safnsins til þjóðminjavarðar og menntamálaráðuneytisins.

Þau byggðasöfn, sem hlotið hafa viðurkenningu þjóðminjavarðar eða menntamálaráðuneytisins samkvæmt eldri lögum, skulu halda henni framvegis þótt eigi séu eign sveitarfélaga.

46. gr.

Hlutverk byggðasafna er að safna munum sem hafa menningarsögulegt gildi, varðveita þá og hafa til sýnis almenningi. Hverju safni ber að leggja áherslu á söfnun og sýningu muna sem telja má einkennandi fyrir hlutaðeigandi byggðarlög eða landsfjórðung, en eru að verða fágætir.

47. gr.

Ef friðað hús í eigu ríkis eða sveitarfélags er til á byggðasafnssvæði er stjórn byggðasafns heimilt með samþykki þjóðminjavarðar að varðveita þar muni sem til safnsins heyra, einkum þá muni sem á sínum tíma tíðkaðist að nota í slíkum byggingum.

48. gr.

Nú vill stjórn byggðasafns afla sér húsnæðis fyrir safnið, hvort heldur með kaupum eða nýsmíði, og á hún þá kost á að fá styrk til þess úr ríkissjóði, allt að einum þriðja hluta kostnaðar, eftir því sem fé kann að vera veitt til þess á fjárlögum, enda samþykki þjóðminjavörður húsnæðið og stofnkostnað. Laun minjavarðar byggðasafns, miðuð við starfsskyldu hans og starfstíma og samþykkt af þjóðminjaverði, greiðist að hálfu úr ríkissjóði.

49. gr.

Nú telur þjóðminjavörður að byggðasafni, sem hlýtur ríkisstyrk, sé hætta búin sökum vanhírðu eða af öðrum orsökum og ekki hefur fengist úr bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir og getur þá menntamálaráðherra svipt safnið ríkisstyrk. Lendi safnið í óhírðu getur þjóðminjavörður að fengnu samþykki menntamálaráðherra tekið gripi safnsins til varðveislu í Þjóðminjasafni.

VI. KAFLI

Almenn ákvæði.

50. gr.

Hver sá, sem fyrir fjártjóni verður vegna framkvæmda á ákvæðum II. eða IV. kafla laga þessara, á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

51. gr.

Ekki ber að greiða stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld af skjölum sem út eru gefin vegna framkvæmda á lögum þessum.

52. gr.

Brot gegn ákvæðum 13.–17. gr., 1. mgr. 21. gr., 23. gr., 25. gr., 34. gr., 37. gr. og 39. gr. varða sektum til ríkissjóðs, nema þyngri refsing liggja við broti skv. 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

53. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla kafla þeirra.

54. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númer lög nr. 52 1969, þjóðminjalög, og lög nr. 42 1975, um breytingu á þjóðminjalögum.

Greinargerð.

Lagafrumvarp þetta samdi nefnd, sem menntamálaráðherra skipaði í nóvember 1987 til að fjalla um framtíðarmótun Þjóðminjasafns Íslands, þar á meðal endurskoðun þjóðminjalaga nr. 52/1969, með breytingum frá 15. maí 1975.

Formaður nefndarinnar er Sverrir Hermannsson alþingismaður en aðrir nefndarmenn eru Þór Magnússon þjóðminjavörður, Bryndís Sverrisdóttir safnkennari, Guðmundur G. Þórarinnsson alþingismaður, Guðrún Helgadóttir alþingismaður, Kjartan Jóhannsson alþingismaður, Lilja Árnadóttir safnvörður og Þórunn Hafstein, deildarstjóri í menntamálaráðuneyti.

Árið 1981 skipaði þáverandi menntamálaráðherra nefnd til þessað endurskoða þjóðminjalögin frá 1969. Nefndin skilaði ítarlegu álit í desember 1983 ásamt tillögum að nýjum þjóðminjalögum, þar sem gert var ráð fyrir umtalsverðum skipulagsbreytingum á minjavörslu í landinu. Tillaga nefndarinnar var ekki lögð fyrir alþingi sem lagafrumvarp.

Sú endurskoðun laganna, sem hér er gerð grein fyrir, byggir meðal annars á því starfi.

Kaflaskipting laganna helst óbreytt frá núgildandi lögum. Fyrsti kafli fjallar um Þjóðminjasafn Íslands, annar kafli fjallar um fornminjar, þriðji kafli um kirkjugripi og minningarmörk, fjórði kafli um friðun húsa og annarra mannvirkja, fimmti kafli um byggðasöfn og sjötti kafli um almenn ákvæði.

Helstu nýmæli laganna eru skipulagsbreytingar á stjórnun Þjóðminjasafns Íslands. Stjórnarnefnd mótar stefnu safnsins og áætlanir og ráðinn verður safnstjóri Þjóðminjasafns sem stjórnar daglegum rekstri þess. Einnig munu starfa minjaverðir við vörslu þjóðminja á landsbyggðinni. Skilgreiningar hugtaka og hlutverka hafa verið skýrðar frá fyrri lögum.

Þriggja manna fornleifaráð verður þjóðminjaverði til ráðgjafar við skipulagningu fornleifarannsókna og veitingu leyfa til slíkra rannsókna.

Aðrar breytingar eru flestar lagfæringar og viðbætur við einstaka greinar. Mikilverðastar breytingar eru: Að þjóðminjavörður mun einn hafa rétt til þess að rannsaka eða láta rannsaka fornleifar, að öll hús sem byggð eru fyrir 1850 og allar kirkjur sem byggðar eru fyrir 1918 skulu vera friðuð og að húsafriðunarnefnd getur gripið til skyndifriðunar ef þörf krefur.

Nánar verður gerð grein fyrir einstökum greinum laganna hér á eftir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Um 1. gr.

1. gr. er að hluta til sama efnis og 2. gr. gildandi laga. Nú er sagt nánar til um meginhlutverk safnsins sem er að safna, skrásetja, varðveita og rannsaka og sýna minjar um menningarsögu þjóðarinnar. Hugtakið þjóðminjar er skilgreint. Enn fremur er kveðið á um leiðbeiningarskyldu Þjóðminjasafns við byggðasöfn.

Um 2. gr.

2. gr. er að hluta til sambærileg við 1. gr. núgildandi laga.

Mikilvæg viðbót hefur þó verið gerð við þessa grein þar sem gert er ráð fyrir stöðu safnstjóra Þjóðminjasafns sem fer með daglega stjórn safnsins og er staðgengill þjóðminjavarðar.

Í greinargerð með þjóðminjalögum frá 1969 er þess getið að starf þjóðminjavarðar sé tvíþætt. Í fyrsta lagi sé hann forstöðumaður Þjóðminjasafns og í öðru lagi beri honum að annast fornleifavörslu á landinu öllu og leiðbeina byggðasöfnum í starfi þeirra. Þar er bent á að í nágrannalöndum okkar sumum sé greint á milli þjóðminjavörslu og þjóðminjasafns af þessum sökum. Með lögunum frá 1969 var ákveðið að hvort tveggja skyldi vera starfssvið þjóðminjavarðar, enda hafði sú skipan verið í reynd frá stofnun safnsins árið 1863.

Hér er ekki gert ráð fyrir breytingu á þessari skipan, en þó er kveðið nánar á um hinar tvær megingreinar embættisins.

Önnur þeirra, stjórnun Þjóðminjasafns, heyrir undir safnstjóra Þjóðminjasafns, en hin, varsla þjóðminja á landsbyggðinni, er í höndum minjavarða í fjórðungum sem starfa á vegum þjóðminjavarðar, sbr. 9. gr. þessara laga.

Ljóst er að stjórnun Þjóðminjasafnsins er svo viðamikil verkefni að full þörf er á þessari breytingu nú þegar.

Fram undan er endurskipulagning á föstum sýningum safnsins og húsakosti í kjölfar þess að Listasafn Íslands hefur nú flutt úr húsi Þjóðminjasafnsins. Því er nú enn brýnni þörf á markvissri stjórnun safnsins á næstu árum.

Um 3. gr.

3. gr. er nýmæli.

Þjóðminjasafni skal skipuð stjórnarnefnd til fjögurra ára í senn.

Ekki er þörf á að fjölýrða um kosti þess að skipa Þjóðminjasafni stjórn en nægir að benda á að stjórnun þess yrði að líkindum styrkari og að aukin tengsl yrðu milli safnsins og ráðuneytis. Sú skipan í stjórnarnefndina sem hér er ráðgerð mótast einnig af því að

skólabörn eru tíðir gestir í safninu og að safninu er ætlað að kynna útlendum ferðamönnum menningu þjóðarinnar.

Stofnun Árna Magnússonar og Þjóðskjalasafni, sem að ýmsu leyti eru sambærilegar stofnanir Þjóðminjasafni, er stjórnað á líkan hátt.

Stjórnarnefndinni er ætlað að móta stefnu safnsins í veigamestu málum. Að öðru leyti er stjórnarnefndinni ætlað að fylgjast með fjárhagsáætlunum safnsins og vera þjóðminjaverði til ráðgjafar.

Um 4. gr.

Fyrri hluti 4. gr. er samhljóða 3. gr. núgildandi laga. Seinni hluti greinarinnar er nýmæli en þar er kveðið á um fræðsluskyldur Þjóðminjasafnsins við skólanemendur og almenning.

Með breyttum samfélagsháttum, örum breytingum á þjóðfélaginu og auknum menningaráhrifum frá öðrum þjóðum er eðlilegt að leggja Þjóðminjasafni Íslands á herðar fræðsluskyldu við skólanemendur og almenning. Safnið þarf að geta hagnýtt sér nútíma-kennslutækni til að ná sem víðast með fræðslu um menningarsögu þjóðarinnar.

Um 5. gr.

5. gr. er að hluta til samhljóða 4. gr. núgildandi laga. Gjafir og fjárframlög til safnsins verða frádráttarbær til skatts.

Um 6. gr.

6. gr. er sama efnis og 5. gr. núgildandi laga en ítarlegri. Hún þarfnast ekki skýringar.

Um 7. og 8. gr.

7. gr. og 8. gr. eru sama efnis og 6. og 7. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringar. Efni 8. gr. gildandi laga er nú hluti af 1. gr.

Um 9. gr.

9. gr. er nýmæli og er hún skýrð að hluta til með annarri grein laganna.

Annar meginþáttur starfssviðs þjóðminjavarðar er skráning, varsla og rannsóknir á þjóðminjum um landið allt.

Reynslan sýnir að eftirlit með þjóðminjum á landsbyggðinni verður ekki viðunandi nema með bættri skipan og virðist þessi háttur sá ákjósanlegasti.

Um II. kafla.

Um 10. gr.

10. gr. er sama efnis og 9. gr. núgildandi laga. Þó eru nú skipsflök nefnd með fornleifum. Slík ákvæði eru í lögum nágrannalandsanna. Viðbót er einnig ákvæði um að 100 ára minjar teljist fornminjar og að heimilt sé að friðlýsa yngri minjar.

Um 11. gr.

11. gr. er nýmæli. Fornleifarannsóknir Þjóðminjasafnsins hafa að verulegu leyti verið fólgnar í björgunarstarfi og svo mun líklega ætíð verða. Starfsfólk safnsins hefur verið kallað til þegar fornleifar hafa komið í ljós við mannvirkjagerð og í skyndingu hefur þurft að framkvæma fornleifarannsóknir. Skipulagðar rannsóknir hafa þó ávallt verið stundaðar jafnframt, en vegna mannfæðar og fjárskorts hefur ekki verið hægt að vinna jafnmarkvisst að könnun á fornleifum og æskilegt væri.

Fornleifaráði er ætlað að vera þjóðminjaverði til ráðgjafar í öllu er varðar fornleifar og rannsóknir þeirra og veitingu leyfa til slíkra rannsókna. Ráðið gerir tillögur að langtímaáætlunum um fornleifarannsóknir á vegum safnsins og skipun rannsóknarverkefna í forgangsröð.

Um 12. gr.

12. gr. er í meginatriðum sama efnis og 10. gr. gildandi laga. Viðbætur eru þessar: Allar þekktar fornminjar skal skrásetja og skal slík skrá vera aðgengileg öllum á Þjóðminjasafni og hjá minjavörðum. Þetta nýmæli er í samræmi við starfshefðir á Þjóðminjasafni enda eru svipuð vinnubrögð ríkjandi í nágrannalöndum okkar. Friðunarskrá fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum. Til samanburðar skal tekið fram að um friðlýsingu náttúruminja er getið í Stjórnartíðindum.

Í þinglýsingarskjali skal kveðið á um stærð þess svæðis sem hinum friðlýstu minjum tilheyrir sem verndað svæði.

13. gr.

Greinin er sama efnis og 11. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

14. gr. er nýmæli. Þjóðminjavörður skal einn hafa rétt til þess að rannsaka, láta rannsaka og veita leyfi til að rannsaka fornleifar, enda nýtur hann í slíkum málum ráðgjafar fornleifaráðs, sbr. 11. gr.

Samkvæmt gildandi lögum þarf heimild þjóðminjavarðar til að hreyfa við eða rannsaka friðlýstar fornleifar.

Við þessa breytingu þarf einnig heimild til að rannsaka eða hrófla við fornleifum þótt ekki séu friðlýstar.

Um 15. og 16. gr.

Greinarnar eru samhljóða 12. og 13. gr. gildandi laga.

Um 17. gr.

Greinin er sama efnis og 14. gr. gildandi laga.

Um 18. gr.

Greinin er samhljóða 15. gr. gildandi laga.

Um 19. gr.

19. gr. er nýmæli. Notkun málmleitartækja er bönnuð. Reynsla nágrannaþjóða okkar hefur leitt í ljós að þetta er nauðsynlegt ákvæði.

Um 20. gr.

Greinin er samhljóða 16. gr. gildandi þjóðminjalaga.

Um 21. gr.

Greinin er sama efnis og 17. gr. gildandi laga. Viðbót er ákvæði um að forngrípir teljist einstakir hlutir sem eru 100 ára eða eldri.

Um 22. og 23. gr.

Greinarnar eru samhljóða 18. og 19. gr. gildandi laga.

Um III. kafla.

III. kafli laganna um kirkjugripi og minningarmörk er efnislega óbreyttur frá gildandi lögum. 24., 25., 26., 27. og 28. gr. eru því sama efnis og 20., 21., 22., 23. og 24. gr. í gildandi lögum.

Lítils háttar breytingar hafa verið gerðar á 24. og 25. gr. til samræmis við skýrari notkun friðunarhugtaksins í lögnum.

Um IV. kafla.

Um 29. gr.

29. gr. er sama efnis og 25. gr. gildandi laga en ítarlegri.

Friða má samstæður húsa sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi.

Í umræðum undanfarinna ára um húsaveindunarmál hefur oft verið vakið máls á því að æskilegt væri að heimild væri fyrir því í lögum að friðlýsa húsasamstæður, -raðir eða -hverfi sem hefðu listrænt eða menningarsögulegt gildi, enda þótt ekki þætti ástæða til að friða hvert hús innan heildarinnar. Slíkar heimildir eru í lögum nágrannaþjóða okkar.

Friðun getur náð til nánasta umhverfis hins friðaða mannvirkis og er gert ráð fyrir að í greinargerð sé skýrt til hvaða þátta friðunin nær, sbr. 32. gr. þessa lagafrumvarps.

Um 30. gr.

30. gr. er sama efnis og 26. gr. gildandi laga. Breytingar eru þessar:

Samkvæmt núgildandi lögum tilnefnir Bandalag íslenskra listamanna fulltrúa í stjórn húsafriðunarsjóðs. Arkitektafélag Íslands á aðild að Bandalaginu og reyndin hefur verið sú að fulltrúi Bandalags íslenskra listamanna í stjórn húsafriðunarsjóðs hefur verið arkitekt. Líklega hefur það verið ætlunin frá upphafi og skynsamlegt virðist að staðfesta að svo skuli vera.

Skilgreint er hlutverk húsafriðunarnefndar ríkisins.

Um 31. gr.

Þessi grein er nýmæli.

Öll hús sem byggð eru fyrir 1850 og allar kirkjur sem reistar eru fyrir 1918 skulu vera friðuð. Sambærileg ákvæði eru í lögum nágrannaþjóða okkar þótt ártölin séu önnur. Tilgangurinn er sá að tryggja varðveislu elstu húsa landsins. Eigendum húsa, sem orðin eru 100 ára eða eldri, er skylt að tilkynna húsafriðunarnefnd ríkisins ef þeir hyggjast breyta húsi sínu eða rífa.

Eftir því sem tímar líða breytist mat manna á því hvaða hús beri að friða. Friðuð hús á landinu öllu eru innan við 70 talsins. Ekki er ljóst hvort fjöldi friðaðra húsa muni aukast mikið á næstu árum, en full ástæða er til að skapa húsafriðunarnefnd sem besta möguleika til að fylgjast með gömlum húsum og að hún fái tækifæri til þess að meta gildi þeirra áður en þeim verður breytt eða þau rífin.

Um 32. gr.

Kemur í stað 27. og 28. gr. gildandi laga.

Ekki er greint milli A og B friðunar eins og í núgildandi lögum, heldur skal tilefni friðunarinnar skýrt í tilkynningu um friðlýsingu hverju sinni.

Reynsla undanfarinna ára bendir eindregið til að þessi breyting sé æskileg.

Heimild er til að fella niður fasteignagjöld af friðuðum húsum. Kostur er að hafa slíkt heimildarákvæði í lögnum þegar það er mat húsafriðunarnefndar að létta beri undir með eigendum friðaðra húsa. Það yrði því í verkahring nefndarinnar að sækja um niðurfellingu gjalda til sveitarstjórna eða skattayfirvalda í hverju tilfelli. Benda má einnig á að alls ekki er ástæða til að létta gjöldum af þeim friðuðu húsum sem eru í opinberri eigu eða færa eigendum sínum tekjur með einhverju móti.

Um 33. gr.

Þessi grein er nýmæli.

Húsafriðunarnefnd getur gripið til skyndifriðunar, sem aðeins gildir í tvær vikur, ef hún telur hættu á að hús, sem hefur menningarsögulegt gildi en ekki er friðað, verði rífið eða

gildi þess rýrt. Nefndin skal tilkynna öllum sem hlut eiga að máli um ákvörðun sína á sannanlegan hátt.

Lagagrein þessari er ætlað að skapa húsafríðunarnefnd ríkisins nauðsynlegt svigrúm til þess að grípa inn í atburðarás þegar hætta er á að menningarverðmæti glatist. Nefndinni gefst þá tími til að kanna gildi viðkomandi eignar og ef þannig ber undir að leita samkomulags og/eða samþykkis ráðherra til fríðunar hennar.

Um 34. gr.

Þessi grein er samhljóða 30 gr. núgildandi laga en hefur verið leiðrétt með hliðsjón af öðrum breytingum laganna. Þarfnast ekki skýringar.

Um 35.–37. gr.

Þessar greinar eru sama efnis og 31., 32., og 33. gr. í gildandi lögum.

Um 38. gr.

Þessi grein er sama efnis og 35. gr. gildandi laga.

Ekki þykir þó þörf á að kveða á um heimild ráðherra til að ríkið eignist friðaðar húseignir þegar svo háttar til að ráðherra hefur hafnað beiðni eiganda um heimild til niðurrífs.

34. gr. gildandi laga er felld niður, enda skal öllum friðlýsingum húsa og mannvirkja þinglýst samkvæmt þessu frumvarpi.

Um 39., 40. og 44. gr.

Greinarnar eru samhljóða 36., 37. og 38. gr. gildandi laga.

Um 41.–43. gr.

Greinarnar eru sama efnis og viðbætur við þjóðminjalög frá 15. maí 1975, 39., 40. og 41. gr. í gildandi lögum.

Framlög ríkissjóðs og sveitarfélaga til húsafríðunarsjóðs aukast þó úr 20 kr. á hvern íbúa í 75 kr. á íbúa.

Framlög til húsafríðunarsjóðs hafa verið óbreytt frá stofnun hans árið 1975. Samkvæmt lögunum skyldi upphæðin taka breytingum með byggingarvísitölu. Reyndin hefur orðið önnur og hefur ráðstöfunarfé sjóðsins farið lækkandi. Umsóknum um styrki úr sjóðnum hefur fjölgað gífurlega á undanförunum árum. Í langflestum tilvikum er sótt um styrki til viðhalds og endurbóta mannvirkja sem stjórn sjóðsins telur sér skylt að styðja. Styrkupp-hæðir hafa því farið lækkandi.

Húsafríðunarnefnd þarf einnig að safna heimildum um húsakost landsmanna til þess að húsafríðun verði sem markvissust og nefndin þarf einnig að sinna ráðgjafar- og leiðbeiningarstarfi við eigendur friðaðra húsa.

Um V. kafla.

Talið er afar brýnt að byggðasöfn landsins falli undir þjóðminjalögin og að þau verði áfram fjármögnuð að hluta til á fjárlögum ríkisins. Tengsl þeirra við Þjóðminjasafnið verði eflað frekar en hitt og það gegni forustuhlutverki gagnvart byggðasöfnunum.

Um 45. gr.

45. gr. er sama efnis og 39. gr. í gildandi lögum. Til viðbótar eru ákvæði um rétt byggðasafna til styrks úr ríkissjóði, stjórnun byggðasafna og skyldu safna til að senda þjóðminjaverði og menntamálaráðurneyti ársskýrslu.

Um 46.–49. gr.

Greinarnar eru samhljóða 40., 41., 42. og 43. gr. í gildandi lögum.

Um VI. kafla.

Kaflinn er óbreyttur frá gildandi lögum.

50., 51., 52., 53. og 54. gr. eru samhljóða 44., 45., 46., 47., 48. og 49. gr. í gildandi þjóðminjalögum.